


# Gatnaframkvæmdir og umferðarskipulag

## Þróun umferðar

Umferð hefur farið stöðugt vaxandi á götum Reykjavíkur á undanfönum áratugum. Miðað við þróunina í dag og óbreytta stefnu eru ekki horfur á því að það dragi verulega úr aukningu bílaumferðar. Samkvæmt umferðartalningum á helstu stöðum í Reykjavík jókst umferð um 15% á árunum 1986 til 1990. Á tímabilinu 1990 til 1995 dró úr aukningu bílaumferðar og jókst hún aðeins um 7%. Á undanfönum árum hefur ríkt góðæri í efnahagsmálum, bílaeign hefur aukist mikið og byggðin á höfuðborgarsvæðinu hefur þanist út. Afleiðingarnar eru þær að aukning bílaumferðar hefur tekið kipp á nýjan leik en samkvæmt talningum á helstu stöðum jókst bílaumferð á tímabilinu 1995 til 1999 um tæp 20% eða 12% á hvern íbúa. Samkvæmt umferðarreikningum sem unnir voru fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að bílaumferð muni aukast um 40-50% á svæðinu á næstu 24 árum.



Umferðarspá fyrir höfuðborgarsvæðið 2024

## Samgöngumannvirki

Hér að neðan eru nefnd helstu samgöngumannvirki sem aðalskipulagið gerir ráð fyrir. Breytingar frá aðalskipulaginu 1996-2016 eru feitletraðar. Ekki er gerð grein fyrir minni háttar endurbótum á gatnakerfinu. Framkvæmdir eru ekki settar fram í forgangsroð.

Stofnbrautir (matsskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000; 1. viðauki, 10. töluliður):	
Færsla Hringbrautar	Frá Snorrabraut að Sæmundargötu
<b>Öskjuhlíðargöng/Hlíðarfötur</b>	Frá Kringlumýrarbraut að Hringbraut
Sundabraut – 1. áfangi	Frá Sæbraut um Kleppsvík að Hallsvegi
Sundabraut – 2. áfangi	Frá Hallsvegi norður í Geldinganes
<b>Sundabraut – 3. áfangi</b>	Frá Geldinganesi í Gunnunes á Álfsnesi
<b>Sundabraut – 4. áfangi</b>	Frá Álfsnesi yfir Kollafjörð á Kjalarnes
Hallsvegur I	Frá Fjallkonuvegi að Víkurvegi
Hallsvegur II – (sjá Sundabraut –1.áfangi)	Til vesturs frá Strandvegi að Sundabraut
Hallsvegur III	Til austurs frá Fjallkonuvegi að Vesturlandsvegi
Úlfarsfellsvegur	Úlfarsfellsvæðið að Vesturlandsvegi/Hallsvegi
Arnarnesvegur	Tenging við Breiðholtsbraut frá Kópavogi
Hafravatsvegur	Tenging við Suðurlandsveg frá Mosfellsbæ
<b>Holtsgöng</b>	Frá Hringbraut að Sæbraut



Hlíðarfötur-Kringlumýrarbraut-Kópavogsgöng

Tengibrautir (tilkynningaskyldar samkvæmt lögum nr. 106/2000; 2. viðauki, 10. töluliður):	
Ósabraut	Frá Sævarhöfða að Kleppsmýrarvegi
<b>Stórhöfði – framlenging</b>	Frá Grafarholti að Víkurvegi
<b>Álfabakki – framlenging</b>	Til norðurs að Stekkjarbakka og til Kópavogs
Reynisvatnsvegur	Austur Úlfarsárdal norðan Grafarholts
Hólmsheiðarvegur	Úlfarsárdal að atvinnusvæðum í Hólmsheiði
Úlfarsárvegur	Milli Grafarholts og Úlfarsfellsvæðisins
Tengibraut atvinnusvæða í Hólmsheiði	Tenging atvinnusvæða við Suðurlandsveg

Eftirtaldir tengibrautir, samkvæmt fyrra aðalskipulagi, hafa verið felldar út:

1. Framlenging Höfðabakka milli Stekkjarbakka og Breiðholtsbrautar
2. Tengibraut við Jaðarsel á mörkum við Kópavog



Kringlumýrabraut-Miklabraut

<b>Mislæg gatnamót</b> (tilkynningaskýld samkvæmt lögum nr. 106/2000; sbr. 2. viðauki, 13. töluliður):	
1. <b>Hlíðarfótur-Kringlumýrabraut</b>	10. Vesturlandsvegur-Suðurlandsvegur
2. Sæbraut-Sundabraut	11. Vesturlandsvegur-Hallsvegur
3. Sæbraut-Holtavegur	12. Suðurlandsvegur-Breiðholtsbraut
4. Sæbraut-Skeiðarvogur	13. Suðurlandsvegur-Hafravatsvegur
5. Reykjanesbraut-Bústaðavegur	14. Suðurlandsvegur-"Hólmsheiðarbraut"
6. Reykjanesbraut-Stekkjarkakki	15. Sundabraut-Hallsvegur
7. <b>Reykjanesbraut-Kópavogsgöng</b>	16. Sundabraut-Gufunesvegur
8. <b>Arnarnesvegur-Breiðholtsbraut</b>	17. Sundabraut-Geldinganes (2 gatnamót)
9. Breiðholtsbraut-Selásbraut	18. <b>Sundabraut-Álfnes (2 gatnamót)</b>

<b>Stofnstigar - brýr/undirgöng:</b>	
Suðurgata við Háskóla Íslands	Hallsvegur við Strandaveg
Geirsgata við Miðbakka	Hallsvegur við Fjallkonuveg
Hringbraut við Sæmundargötu	Hallsvegur við Korpu
Hringbraut við Njarðargötu	Vikurvegur við Völundarhús
Hringbraut-Hlíðarfótur	Korpúlstaðavegur við Korpu
<b>Eiðsgrandi v/ f.h. landfyllingu</b>	Vesturlandsvegur við Keldnaholt
<b>Ánanaust v/ f.h. landfyllingu</b>	<b>Úlfarsárvegur við Reynisvatnsveg</b>
Bústaðavegur við Háuhlið	<b>Reynisvatnsvegur við Úlfarsárveg</b>
Miklabraut við Stakkahlíð	<b>Úlfarsfellsvegur við Leirtjörn</b>
Kringlumýrabraut norðan Miklabrautar	<b>Úlfarsfellsvegur austan Úlfarsfells</b>
Kringlumýrabraut sunnan Miklabrautar	<b>Sundabraut við Gufunes</b>
Sæbraut við Sundaborg	<b>Sundabraut á Gunnunesi</b>
Sæbraut við Knarrarvog	<b>Sundabraut á Geldinganesi</b>
<b>Stekkjarkakki í Norður-Mjódd</b>	<b>Sundabraut - Vesturlandsvegur</b>
Stekkjarkakki við Höfðabakka	<b>Vesturlandsvegur við Leirvogsa</b>
Breiðholtsbraut við Norðurfell	<b>Vesturlandsvegur í Kollafirði</b>
Skógarsel í Suður-Mjódd	<b>Vesturlandsvegur við Grundarhverfi</b>
<b>Breiðholtsbraut við Norðlingaholt</b>	<b>Vesturlandsvegur við Arnarstapa</b>
Suðurlandsvegur við Rauðavatn	<b>Stofnstigar/brú frá Gufunesi út í Viðey</b>
Suðurlandsvegur við Norðlingaholt	



Færsla Hringbrautar

<b>Aðrar framkvæmdir</b> (tilkynningaskýldar skv. lögum nr. 106/2000; sbr. 2. viðauki, 13. töluliður):	
<b>Kringlumýrabraut / Miklabraut í göng</b>	Við gatnamót Miklabrautar og Kringlumýrabr.
Miklabraut í stökk	Frá Reykjahlíð að Snorrabraut
Færsla Njarðargötu og breikkun	Færsla til austurs og breikku um 2 akreinar
<b>Breikkun Myrargötu</b>	Frá Geirsgötu að Ánanaust um 2 akreinar
Breikkun Sæbrautar	Vestan Snorrabrautar um 2 akreinar
Breikkun Vesturlandsvegur	Frá Vikurvegi um 2 akreinar
Höfðabakki/Stekkjarkakki - breikkun/færsla	Frá Bæjarhálsi að Reykjanesbraut

#### Breytingar á skilgreiningum gatna frá fyrra aðalskipulagi

1. Njarðargata á milli Hringbrautar og Sóleyjargötu-tengibraut → stofnbraut
2. Sóleyjargata frá Hringbraut að Njarðargötu -stofnbraut → safngata
3. Hringbraut eldri við Umferðarmiðstöð-stofnbraut → safngata
4. Stórhófi-safngata → tengibraut
5. Hálsabraut-safngata → tengibraut
6. Álfabakki-safngata → tengibraut
7. Skúlagata frá Höfðatúni að Snorrabraut-safngata → tengibraut
8. Fiskislóð/Hólmaslóð-safngata → tengibraut
9. Skógarsel-tengibraut → safngata
10. Laugavegur milli Höfðatúns og Snorrabrautar-tengibraut → safngata
11. Garðastræti-tengibraut → safngata
12. Vesturgata/Gröfin-tengibraut → safngata
13. Tryggvagata-tengibraut → safngata
14. Faxagata-tengibraut → safngata